

L Ö G

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, sem hafizt er handa um framkvæmdir og framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum að hverju sinni hrökkva ekki til að greiða að þeim hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi staðar, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Slík framlög úr sjóðnum mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en $\frac{2}{3}$ höfuðstóls hans.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þrem árum.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært, sbr. þó 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 75 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Þorkötlustaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.